

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bryggjuhverfi vestur, svæði 4 - Gjúkabryggja 8 - USK24100218.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. desember 2024, breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vestur, svæðis 4, lóðar D, vegna lóðar nr. 8 við Gjúkabryggju. Í breytingunni felst breyting á hámarksbyggingarmagni, lækkun á hæðarkótum í tveimur byggingum innan lóðar og fækkun bílastæða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ellidaárdalur - breyting á deiliskipulagi - skíðasvæði við Ártúnsbrekku - USK24090032.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. desember 2024, breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals vegna skíðasvæðisins við Ártúnsbrekku. Í breytingunni sem lögð er til felst að setja skilmála vegna snjóframleiðslu innan skilgreindrar skíðabrekku í Ártúnsbrekku, að afmarka byggingarreit umhverfis núverandi skíðahús, að bæta við þjónustuvegi og að bæta við lóð og byggingarreit fyrir veitubyggingu snjóframleiðslu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lýsisreitir, reitur 1.520 - Hringbraut 121 - USK24110159.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 28. nóvember 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.520, Lýsisreits, vegna lóðarinnar nr. 121 við Hringbraut. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að vera með sérstök búsetuúrræði í húsinu, sbr. kafla 3.4.1 í aðalskipulagi Reykjavíkur 2024. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurbrún - Norðurbrún 22 - USK24080314.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 12. desember 2024, breytingu á deiliskipulagi Norðurbrúnar vegna lóðarinnar nr. 22 við Norðurbrún. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar til að koma fyrir sólstofu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. desember 2024.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 9. janúar 2025